



## Fundargerð stjórnar LSS

<b>Fundarstjóri:</b> Magnús Smári Smárason, formaður LSS.	<b>Fundur nr. 289</b>
<b>Fundarritari:</b> Guðrún Hilmarsdóttir, skrifstofustjóri LSS.	<b>Reykjavík, 07.04.21</b>
<b>Mættir:</b> Anton Berg Carrasco, ritari. Vék undir lið 7. Bjarni Ingimarsson, varaformaður. Birkir Árnason, formaður fagdeildar sjúkraflutningamanna. Árni Snorri Valson, varamaður. vék af fundi eftir lið 4. Ásgeir Þórisson, gjaldkeri. Guðrún Hilmarsdóttir, skrifstofustjóri. Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri. Hlynur Kristjánsson, varamaður. Jón Kristinn Valsson, formaður fagdeildar slökkviliðsmanna. Magnús Smári Smárason, formaður LSS. Ólafur Stefánsson, formaður fagdeildar stjórnenda, vék af fundi eftir lið 5.1	<b>Fundarstaður: Brautarholt 30 105 Reykjavík og fjarfundabúnað Teams.</b>  <b>Frá kl. 10:00</b> <b>Til kl. 12:35</b>
<b>Fjarverandi:</b>	

### Dagskrá:

Nr.	Fundarefni	Ábyrgð
1.	<b>Setning</b> MSS setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.	MSS
2.	<b>Fundargerðir</b> Lagðar voru fram eftirfarandi fundargerðir, skýrslur og bréf: 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar og hún samþykkt. 2. Fundargerðir Eldvarnabandalagsins 3. Fundargerð Styrktarsjóðs 4. Fundargerð stjórnar BSRB 5. Fundargerð samstarfsnefndar LSS og HSU 6. Veffréttabréf mars 7. Starfsyfirlit starfsmanna	MSS
3.	<b>Inntaka nýrra félaga</b> Nýir meðlimir koma sjálfkrafa inn í félagakerfið þegar ráðningarsamningur hefur verið gerður af vinnuveitanda og teljast þeir meðlimir þegar greiðsla berst.	MSS
4.	<b>Starfið á milli funda</b> <b>MSS.</b> Hafa verið að skoða tryggingamálin í gegnum tryggingasjóð. Leitað að hagkvæmari tryggingum auk leita leiða til að ná	



	<p>krabbameinsþættinum inn. Héldu tvo félagsfundi með félagsmönnum hjá sveitarfélögum og það gekk vel. Sat samstarfsnefndarfund LSS og SNS.</p> <p><b>BI.</b> Hélt tvo félagsfundi vegna styttingar vinnuvikunnar. Sat samstarfsnefndarfund LSS og SNS. Sat stjórn tryggingasjóðs. Var með erindi á aðalfundi Eldvarnabandalagsins.</p> <p><b>ABC.</b> Ritnefndarstörf fyrir fréttablaðið. Auglýstum eftir greinum á fagdeildarsíðum. Annars ganga ritstörfin vel.</p> <p><b>ÁÞ.</b> Funduðum með Starfsmannafélagi Hafnarfjarðar varðandi ROM. Sat aðalfund ROM. Unnið áfram í viðhaldi í orlofsbíðunum.</p> <p><b>BÁ.</b> Í samskiptum vegna framleiðslu á sjúkrabílum Ræða heilstæðar lausnir á endurnýjun á hjartastuðtækjum og útboð á rafmagnsbörum í gegnum fagráð sjúkraflutninga. Samtal við sérfræðing hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna menntamála félagsmanna.</p> <p><b>JKV.</b> Aðstoða HR varðandi könnun um líðan félagsmanna. Sat aðalfund Eldvarnabandalagsins.</p> <p><b>ÓS.</b> Unnið í starfsmati stjórnenda. Er að vinna í kjarasamningagerð stjórnenda.</p>	
<b>5.</b>	<p><b>Félagsmál</b></p> <ol style="list-style-type: none"><li>1. Undirbúningur aðalfundar LSS. Farið var yfir drög að dagskrá fyrir aðalfund LSS. Fundartíma og fundardagskrá var breytt vegna breyttra sóttvarnareglna og verður fundurinn rafrænn. Á fundinum fá formenn LSS og formenn fagdeilda nokkrar mínútur í sínar hugrenningar, farið verður yfir stöðu kjaramála og reikningar verða samþykktir. Lögð fram ályktun vegna útfærslu á bótagreiðslu slökkviliðsmanna vegna starfstengdra krabbameina. Stjórn samþykkir ályktunina fyrir sitt leyti og vísað henni til aðalfundar. Opnað verður fyrir önnur mál. HS falið að senda uppfærða dagskrá.</li><li>2. Erindi frá Bjarna Þorsteinssyni um notkun um munntóbaks. Stjórn þakkar fyrir innsent erindi og er HS falið að svara erindinu.</li><li>3. Fræðslumyndband um krabbamein hjá slökkviliðsmönnum Krabbameinsnefnd hefur gefið út uppfært fræðslumyndband um krabbamein hjá slökkviliðsmönnum. LSS þakkar HMS fyrir stuðninginn.</li><li>4. Aðalfundur Eldvarnabandalagsins. Aðalfundur Eldvarnabandalagsins var haldinn 25. mars sl. Vegna hertra sóttvarnareglna varð að breyta aðalfundinum í rafrænan fund og gekk það vel. Áhugaverð dagskrá og fundinum vel stýrt. LSS þakkar skipuleggjendum og framkvæmdastjóra Eldvarnabandalagsins fyrir vel skipulagðan fund.</li><li>5. Félagsfundir LSS. Dagana 16. og 17. mars stóð LSS fyrir opnum félagsfundi fyrir félagsmenn LSS vegna styttingar vinnuvikunnar hjá sveitarfélögum. Var þetta upphafsfundur í þeirri vegferð að hefja samtalið við vinnuveitendur um</li></ol>	<p>ALLIR MSS</p> <p>MSS</p> <p>MSS</p> <p>BI</p> <p>BI/JKV</p> <p>BI</p>



	<p>innleiðingu á styttingu vinnuvikunnar. Verkefnastjórn styttingar vinnuvikunnar hjá ríkissáttasemjara kynntu verkefnið og hvaða vegferð félagið væri að leggja í. Að því loknu voru formenn LSS og verkefnastjórnin fyrir svörum. Á annað hundrað félagsmenn sóttu fundinn og tókst hann vel. Það má finna fundargerðirnar á vef LSS.</p> <p>6. Aðalfundur ROM. ÁP reifaði fundinn. Haldinn var rafrænn aðalfundur ROM í lok mars þar sem skýrsla stjórnar var lögð fram ásamt reikningum. Stefnt er að stefnumótunarfundi í október þar sem farið verður yfir stöðuna í heild.</p>	ÁP
6.	<p><b>Fjármál</b></p> <ol style="list-style-type: none"><li>1. Staða sjóða. Sjóðir eru í jafnvægi.</li><li>2. Ársreikningar LSS og sjóða þess. Lagðir voru fram ársreikningar LSS, orlofssjóðs, styrktarsjóðs, starfsmenntunarsjóðs og tryggingasjóðs og þeir samþykktir. Fjárhagsstaða félagsins og sjóða þess er góð.</li></ol>	ÁP/HS GH ÁP
7.	<p><b>Kjaramál</b></p> <ol style="list-style-type: none"><li>1. Stytting vinnuvikunnar. Farið var yfir helstu þætti sem á að fara yfir á aðalfundi LSS.</li><li>2. Kjaramál – staðan frá því í janúar Ný mál – 2 Mál í vinnslu – 28 Málum lokið - 20 Málaferli - 2</li><li>3. Kjaramál Neyðarvarða. Fulltrúi LSS/VR hefur unnið með VR að því að skerpa á sérkjarasamningi VR og SA og gengið vel. Fulltrúi LSS, VR og LSS hafa unnið að drögum að svokölluðum fyrirtækjasamning neyðarvarða og Neyðarlínunnar. VR verður áfram með samningsumboð. Vinnan verður leidd af VR og fulltrúa LSS/VR og fær LSS að vera ráðgjafi. Framtíðar samstarf á milli lofar góðu og ríkir mikill einhugur um að ná samstöðu á meðal félagsmanna og eru hagsmunir félagsmanna hafðir að leiðarljósi. Búið er að halda einn deildarfund þar sem félagsmönnum LSS/VR var greint frá stöðu mála og hver væru næstu skref. Mikil ánægja ríkti með innihald fundsins.</li><li>4. Þátttaka í VIRK könnun. Beiðni kom um að taka þátt í könnun á vegum VIRK vegna þeirra sem hafa þurft að styðja sig við sjúkradagpeninga og var það samþykkt. GH var falið að vinna málið áfram.</li><li>5. Starfsmat – staðan. Búið að skila inn öllum gögnum vegna eftirfarandi starfa til starfsmatsins: slökkviliðsmaður með fornám, slökkviliðsmaður með löggildingu, sjúkraflutningamaður advanced, aðstoðarvarðstjóri slökkviliðsmanna, varðstjóri slökkviliðsmanna, deildarstjóri útkallssviðs með mannaforráð, varaslökkviliðsstjóri og</li></ol>	MSS/BI HS HS MSS HS



	<p>slökkviliðsstjóri. Það á eftir að skila inn sjúkraflutningamaður basic og er það í lokayfirlestri. Stefnt á því að skila því innan viku og telst þá þessu verkefni lokið í bili.</p> <p>6. Endurskoðun reglugerðar um starfsemi slökkviliða. Að beiðni SNS hefur HMS ákveðið að taka upp reglugerð um starfsemi slökkviliða og kanna hvort megi betrubæta hana. LSS á fulltrúa í þessari vinnu ásamt slökkviliðsstjórum í félagi slökkviliðsstjóra, fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga og fulltrúum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Þessi er vinna er hafin og mjakast hún rólega áfram.</p> <p>7. Úrskurður Evrópudómstóla varðandi bakvaktir. Nýverið féll dómur varðandi slökkviliðsmenn sem ganga bakvaktir eigi að fá greitt fyrir þær. LSS mun rýna dóminn og kanna hvaða afleiðingar þessi dómur hefur á okkar félagsmenn.</p>	MSS
9.	<p><b>Önnur mál</b></p> <ol style="list-style-type: none"><li><b>Fréttablað LSS.</b> Ritnefnd leggur til að blaðið verði gefið út eingöngu rafrænt og það var samþykkt.</li><li><b>Katla félagssjóður.</b> Stefnt að því að greitt verði úr sjóðnum í lok mánaðar.</li></ol>	

Fleira er ekki tekið fyrir og fundi er slitið kl. 12:35.

Næsti fundur stjórnar verður fimmtudaginn 6. maí kl. 10.

Fundargerð ritaði HS.